

9. gr.

175

Sjóðurinn eflist með vöxtum, frjálsum framlögum, minningargjöfum og áheitu- 2. nóv.
um, og á hvern annan hátt, sem stjórn hans þykir henta.

10. gr.

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun fjár hans og úthlutar styrkjum úr honum, samkvæmt þeim reglum, sem getið er hér að framan. Gæta skal þess að fé sjóðsins sé vandlega tryggt.

Stjórnin heldur fundi í marzmánuði ár hvert og oftast er þurfa þykir. Skal hún færa fundargerðir í sérstaka bók ásamt ársreikningum beggja deilda sjóðsins, en sjóðir þeirra og reikningshald skal jafnan vera aðskilið.

Öll stjórnin undirritar fundargerðir og reikninga.

11. gr.

Ársreikningar sjóðsins ásamt fylgiskjölum skulu jafnan sendir sýslunefnd Skagafjarðarsýslu til yfirlits og endurskoðunar.

12. gr.

Skipulagsskrá þessa má endurskoða á 10 ára fresti, ef sjóðstjórninni þykir þess þörf. Breyta má þá ákvæðum 5. gr. um árlega úthlutun vaxta, svo og ákvæðum hennar á þá leið að fé A-deildar verði varið til annarrar styrktarstarfsemi sjúkrahúsins til nota, að þar til fengnum tillögum sjúkrahússtjórnar.

Þó má aldrei víkja frá tilgangi sjóðsins, (sjá 3. gr.).

13. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Hróarsdal, 10. janúar 1959.

Sigurbjörg Gunnarsdóttir.

REGLUGERÐ

176

fyrir vatnsveitu Hellissands.

5. nóv.

1. gr.

Hreppsnefnd hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Hreppsnefnd hefur þegar lagt stofnæðar um þorpið, samkvæmt staðfestum skipulagsuppdrátti, en notendur annast lagningu æða þaðan að húsum á eigin kostnað.

3. gr.

Hreppsnefnd hefur yfirumsjón með vatnsveitukerfi hreppsins, en heimilt er henni að ráða umsjónarmann og innheimtumann, er hafi á hendi eftirlit með vatnsveitukerfinu og innheimtu á gjöldum, samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefndin setur honum. Hreppsnefnd og umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara